

Mál til rafrænnar samþykktar háskólaráðs

From Ragnheiður I Þórarinsdóttir - LBHI <ragneidur@lbhi.is>

Date Tue 5/6/2025 11:38 AM

To Þórunna Jónsdóttir <thoranna@ru.is>; gfs <gfs@kerecis.com>; biggihall <biggihall@gmail.com>; Ingiberg Daði Kjartansson - LBHI <nem.idk1@lbhi.is>; Jóhanna Gísladóttir - LBHI <johannagisla@lbhi.is>; Haukur Þórðarson - LBHI <haukurth@lbhi.is>

Sæl öll

Við náðum ekki nógu mörgum fulltrúum á fund sl. föstudag til að taka ákvörðun, en ákváðum að senda erindið út með tölvupósti.

Tillaga er lögð fram um að ráða tímabundið aðstoðarrekktor sem tæki að sér verkefni deildarforseta til áramóta. Eyjólfur Guðmundsson fyrrverandi rektor Háskólans á Akureyri er til í að taka þetta að sér í 60% starfi frá 11. ágúst til áramóta og sem verktaki í 2-3 vikur núna í maí- júní til að setja sig inn í mál og ræða við framkvæmdastjórn, starfandi deildarforseta og annað starfsfólk.

Auglýst yrði aftur eftir deildarforseta eftir sumarfrí.

Tillagan samræmist 4. gr. reglna fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 1790/2024.

stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=a1cab990-ef0e-4984-ae4f-f98e90fd8a58

Háskólaráð getur heimilað að rektor ráði aðstoðarrekktor og skal rektor þá setja honum erindisbréf þar sem umboð hans er afmarkað. Aðstoðarrekktor skal uppfylla kröfur um akademískt hæfi og skal skipanin staðfest af háskólaráði. Aðstoðarrekktor er rektor til aðstoðar og gegnir starfinu tímabundið í fjarveru eða forföllum hans sem og í þeim tilvikum þegar rektor er vanhæfur samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Ég óska því eftir svörum frá ykkur hvort þið samþykkið að Eyjólfur Guðmundsson verði tímabundið ráðinn aðstoðarrekktor í 60% starf á ofangreindu tímabili til að sinna störfum deildarforseta.

Kær kveðja, Ragnheiður



Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir

Rektor / Rector

Tel / (+354) 8435300

ragneidur@lbhi.is

Landbúnaðarháskóli Íslands / Agricultural University of Iceland

Hvanneyri, 311 Borgarnesi

www.lbhi.is / (+354) 433 5000

